



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

TORTELIER

STJÓRNAR

RAKHMANÍNOV



9. NÓVEMBER 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Námur: 15'

Hornkonsert: 25'

Sinfónískir dansar: 35'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

TORTELIER STJÓRNAR
RAKHMANÍNOV

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

Radek Baborák
einleikari

EFNISSKRÁ

Pórður Magnússon
Námur (2010)

Reinhold Glière
Hornkonsert í B-dúr, op. 91 (1951)
Allegro
Andante
Moderato – Allegro vivace

Hlé

Sergej Rakhmanínov
Sinfónískir dansar, op. 45 (1940)
Non allegro
Andante con moto (Tempo di valse)
Lento assai – Allegro vivace – Lento assai – Allegro vivace

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistar-fjölskyldu og faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var síðan aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljóm-sveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgestastjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2016.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Filharmonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Mílanó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulster-hljóm-sveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux. Fyrir á þessu ári var hann sæmdur heiðursorðu franska lýðveldisins, Légion d'honneur, fyrir störf sín í þágu franskrrar tónlistar á heimsvísu.



RADEK BABORÁK

EINLEIKARI

Tékkneski hornleikarinn Radek Baborák hefur um árabíl verið einn fremsti hornleikari heims. Hann fæddist inn í tónlistarfjölskyldu og hóf að læra á horn átta ára gamall. Tólf ára hreppti hann fyrstu verðlaun í konsertakeppni Tékkneska útvarpsins og þremur árum síðar var hann meðal verðlaunahafa í keppninni Vorið í Prag. Baborák var aðeins 18 ára gamall þegar hann hreppti stöðu fyrsta hornleikara í Fílharmóníuhljómsveit Tékklands. Frá árunum 1996–2000 lék hann fyrsta horn í Fílharmóníuhljómsveitinni í München og 2000–2002 gegndi hann sömu stöðu í Sinfóníuhljómsveitinni í Bamberg. Frá 2002–2011 var hann fyrsta horn í Fílharmóníuhljómsveit Berlínar og kom einnig fram sem einleikari með sveitinni, lék m.a. *Serenöðu* Britzens ásamt Ian Bostridge tenórsöngvara og Simon Rattle, og hornkonsert Mozarts í D-dúr með Barenboim. Hann starfar nú sjálfstætt sem einleikari og heldur tónleika víða um heim.

Baborák hefur komið fram sem einleikari með mörgum þekktum hljómsveitum, meðal annars Fílharmóníuhljómsveit Lundúna, Bæversku útvarpshljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveitinni í Bamberg, Fílharmóníuhljómsveit Tékklands, Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín og Mozarteum-hljómsveitinni í Salzburg. Þá hefur hann komið fram í sjónvarpsþáttum og hljóðritað fjölda geisladiska. Meðal stjórnenda sem hann hefur starfað með má nefna Daniel Barenboim, Seiji Ozawa, Simon Rattle, James Levine og Vladimir Ashkenazy.

Baborák hefur einnig komið fram á tónlistarhátíðum víða um heim, meðal annars á Páskahátíðinni í Salzburg, Maggio musicale í Flórens, Hvítum nóttum í Sankti Pétursborg og Kammertónlistarhátíðinni í Jerúsalem. Hann flytur gjarnan kammertónlist og hefur meðal annars komið fram á tónleikum með Andrés Schiff, Yefim Bronfman, Denis Kozhukhin, Janine Jansen, Ian Bostridge og Thomas Quasthoff.



ÞÓRÐUR MAGNÚSSON

NÁMUR

Þórður Magnússon tónskáld er fæddur í Reykjavík árið 1973. Hann lauk prófi í tónsmíðum og tónfræði við framhaldsdeild Tónlistarskólans í Reykjavík vorið 1996 og nam í kjölfarið veturlangt við Conservatoire de Paris sem handhafi verðlauna sem kennd eru við Jean-Pierre Jacquillat. Þórður hefur ennfremur tekið þátt í Young Nordic Music Festival í Helsinki og Kaupmannahöfn auk þess sem hann hefur sótt námskeið og fyrirlestra hjá Philippe Manoury og Magnus Lindberg auk annarra. Eftir heimkomuna til Íslands hefur Þórður öðlast viðurkenningu sem mikilvirt tónskáld og útsetjari. Frá árinu 2002 hefur hann kennt tónsmíðar, hljómfraði, tónheyrn, tónlistarsögu og kontrapunkt við Tónlistarskólann í Reykjavík og Tónlistarskóla Garðabæjar.

Um verk sitt segir Þórður: „Verkið *Námur* var pantað af Guðmundi Emilssyni sem hluti af röð þar sem nokkur tónskáld voru beðin um að semja verk sem notuðust við sömu hljóðfæraskipan og verkið *Adagio* eftir Jóni Nordal og þá honum til heiðurs. Verkin áttu að kallast á við það verk án þess þó að líkja endilega eftir tónlistinni sjálfri.“ *Námur* var frumflutt í Langholtskirkju 9. apríl 2010 af Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Andrew Massey. Með beiðni Guðmundar fylgdi samnefnt ljóð Guðbergs Bergssonar, og Þórður segir að verkið sé afrakstur þeirra hughrifa sem ljóðið vakti með honum.

Námur deila fleiru en hljóðfæraskipaninni með *Adagio* Jóns Nordal því yfirbragðið er nokkuð íhugult rétt eins og í síðarnefnda verkinu. Úr djúpri undiröldu upphafstaktanna rísa bjartari línur flautu og hörpu. Andstæður eru áberandi framan af; draumkenndar hendingar flautu og hörpu annars vegar, hins vegar leikur strengjahljóðfæranna þar sem þróttmikill og afgerandi hrynur er áberandi. Lokamínútur verksins eru öllu kyrrlátari, líkt og samruni eigi sér stað.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti *Námur* vorið 2010, á tónleikum í Langholtskirkju til heiðurs Jóni Nordal. Alls hefur hljómsveitin flutt fjögur verk Þórðar, síðast píanókoncert hans á Myrkum músikdögum 2016 og var Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari en Daníel Bjarnason stjórnaði hljómsveitinni.



REINHOLD GLIÈRE

HORNKONSERT

Reinhold Glière (1875–1956) var fæddur í Kænugarði en foreldrar hans voru af þýsku og pólsku bergi brotnir. Hann hóf nám við Tónlistarháskólann í Moskvu 19 ára gamall og lærði þar meðal annars tónsmíðar og fiðluleik. Þegar hann útskrifaðist hlaut hann gullverðlaun skólans fyrir einþáttungsóperu sem var lokaverkefni hans, og skömmu síðar fékk hann sinn fyrsta nemanda: hinn ellefu ára gamla Sergei Prokofjev. Eftir nokkur ár í Kænugarði fluttist Glière aftur til Moskvu og kenndi við tónlistarháskólann þar, meðal annars tónskáldunum Aram Katsjaturían og Alexander Mosolov.

Glière ferðaðist aldrei til Vesturlanda eftir byltinguna 1917 og var eftir því sem best verður séð dyggur sonur Sovétríkjanna. Hann hélt tónleika víða innanlands, m.a. í Síberíu og Úsbekistan, og honum hlotnuðust ýmis verðlaun og viðurkenningar; til dæmis hlaut hann Stalín-verðlaunin í þrígang og var útnefndur þjóðarlistamaður Sovétríkjanna árið 1938. Glière samdi mestmegnis óperur, balletta og kantötur, og tónmál hans þykir einkennast af litríkum hljómunum og áhrifum þjóðlaga. Hann var af eldri kynslóð en móðernistar eins og Prokofjev og Shostakovitsj; í raun má líta á tónskáld eins og Tsjajkovskíj og Borodin sem andlega forfeður hans. Að auki hafði hann einlægán áhuga á sovískum þjóðlögum og nýtti þau stundum í tónlist sinni. Því varð hann ekki fyrir barðinu á stjórnvöldum á sama hátt og ýmsir yngri starfsbræður hans.

Glière samdi hornkonsert sinn árið 1951 og var hann frumfluttur í Leníngrad sama ár. Einleikarinn var Valerij Polekh, aðalhornleikari Bolshoi-hljómsveitarinnar, og samdi hann einleikskadensuna sem oftast er flutt sem hluti af verkinu. Verkið hefur rómantískt yfirbragð, er í raun undir þýskum áhrifum og stundum virðist fyrri hornkonsert Richards Strauss ekki langt undan. Breiðar, ljóðrænar hendingar einkenna verkið sem gefur hornleikaranum einstakt færi á að sýna hæfileika sína, enda er konsertinn almennt talinn meðal þeirra helstu sem samdir hafa verið fyrir hljóðfærið.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Tónlist Glières hefur líklega hljómað fyrst á Íslandi árið 1949, þegar Útvarpshljómsveitin undir stjórn Þórarins Guðmundssonar lék Rússneskan sjómannadans hans. Árið 1951 lék Sinfóníuhljómsveit Íslands konsert hans fyrir sópranrödd; Nadezda Katzanzeva söng og tónskáldið Aram Katsjaturían stjórnaði. Hornkonsert Glières hefur einu sinni áður verið á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar: Ella Vala Ármannsdóttir lék hann á einleikaraprófi sínu frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 2003 og stýrði Bernharður Wilkinson flutningnum.



SERGEJ RAKHMANÍNOV

SINFÓNISKIR DANSAR

Auk tónsmíðanna var Sergej Rakhmanínov (1873–1943) einn mesti píanóleikari 20. aldar. Leikur hans sameinaði alla helstu kosti rússneska skólans: mýkt, kraft, snerpu, og óvenju safaríkan tón. Auk þess hafði Rakhmanínov gríðarstórar krumlur sem gerðu honum kleift að leika næstum hvað sem var, og þá ekki síst eigin píanómúsík sem var sérsniðin að fingrum hans. En þótt tónverk Rakhmanínovs nytu vinsælda var aldrei á vísan að róa; tónsmíðastíll hans var álitinn gamaldags, tímaskekkja. Eftir sovésku byltinguna árið 1917 settist hann að í Bandaríkjunum og sá fjölskyldu sinni farborða með tónleikahaldi. Því gafst lítið næði til tónsmíða nema yfir sumarmánuðina. Hann óttaðist líka að sú tónlist sem hann vildi semja þætti ekki lengur boðleg, og kvaðst vera eins og „draugur sem ráfar um í framandi heimi“.

Um miðjan fjórða áratuginn hafði Rakhmanínov svo að segja lagt tónsmíðar á hilluna. Nýjustu verk hans, fjórði píanó-konsertinn og *Tilbrigði um stef eftir Corelli*, höfðu hlotið dræmar viðtökur áheyrenda. *Rapsódía um stef eftir Paganini* sló reyndar strax í gegn og er enn eitt af vinsælustu verkum hans, en tveimur árum síðar kom þriðja sinfónían og var henni fálega tekið. Aftur hafði Rakhmanínov ástæðu til að efast um að hann væri á réttri braut sem tónskáld. Frá 1937 til 1939 samdi hann ekki eitt einasta verk, en sumarið 1940 dró til tíðinda. Þau hjónin höfðu tekið á leigu hús á Long Island nálægt New York-borg; meðal nággranna voru Vladimir Horowitz og Wanda eiginkona hans, dóttir Toscaninis. Í ágústlok hafði Rakhmanínov lokið við nýtt hljómsveitarverk fyrir Filadelfíu-hljómsveitina, sem þá þótti ein fremsta hljómsveit Bandaríkjanna, og aðalstjórnanda hennar, Eugene Ormandy. Með þessari sveit hafði Rakhmanínov leikið margoft, hann hljóðritaði alla píanókonsertra sína með henni og þetta var jafnframt eina hljómsveitin sem hann stjórnaði sjálfur á upptökum.

Sinfónískir dansar voru síðasta tónsmíðin sem Rakhmanínov lauk við. Hann veiktist af krabbameini skömmu síðar en hélt áfram tónleikahaldi á meðan kraftar leyfðu; haustið 1942 aflýsti hann tónleikaferð um Bandaríkin og fáeinum vikum síðar var hann allur. Tónlistin ber síðrómantískan blæ og þótt dönsunum væri misjafnlega tekið í upphafi leikur enginn vafi á því að þeir eru meðal þess besta sem Rakhmanínov samdi fyrir hljómsveit um ævina. Útsetningin er bæði meistaraleg og á köflum óvenjuleg – hann notar meðal annars alt-saxófón sem

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur tvisvar sinnum flutt Sinfóníska dansa Rakhmanínovs, í Háskólabíói árið 1997 undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar og í Eldborg haustið 2011 þegar Gennadíj Rostestvenskíj var við stjórnvölinn.

gefur fyrsta þættinum óvenju melankólskan blæ. Eins og fleiri píanistatónskáld fékk Rakhmanínov holl ráð frá fiðluleikara varðandi praktíska hluti og fullvissaði sig um að það sem hann hefði samið væri yfirleitt framkvæmanlegt á strengjahljóðfæri. Í þessu tilfelli var það enginn annar en Fritz Kreisler sem var vini sínum innan handar og lagði nýja verkinu til bogastrok.

Fyrsti þáttur ber óvenjulega yfirskrift – Non allegro – en þá ber að hafa í huga að „Allegro“ getur þýtt bæði „hrati“ og „gladlega“; líklega átti tónskáldið við síðari skilgreininguna, sumsé „Ekki gladlega“. Tónlistin er með marsa-ívafi, stundum hádramatísk en með hægum miðkafla þar sem bregður fyrir ljóðrænni stefjum. Annar þáttur er vals með fremur dökku yfirbragði. Í þriðja þætti, sem er hraður og glæsilegur, bregður fyrir einu af eftirlætisstefjum höfundarins. *Dies Irae* – „Dagur reiði, dagur bræði“ – er hluti af sálumessu kaþólskra þar sem brugðið er upp nóturlegri mynd af hinsta degi. Þetta forna stef hafði Rakhmanínov notað víða í verkum sínum, m.a. í *Rapsódíu um stef eftir Paganini* og sinfóníunni nr. 2, og hér skapar hann úr því kraftmikinn og allt að því djöfullegan dans.

Kannski hefur Rakhmanínov grunað að *Sinfónísku dansarnir* yrðu svanasöngur sinn, síðasti ópus á glæstum en stopulum ferli hjáverkatónskálds. Á eina af lokasíðum verksins ritaði hann í handrit sitt orðið „Alliluya“ og á sama stað vísar tónlistin í *Náttöngva*, áhrifamikil trúarlegt kórverk sem hann hafði samið næstum þremur áratugum fyrr. Það er táknrænt fyrir hinn aldna Rakhmanínov að hann skuli í síðustu tónsmíð sinni kveðja með þakkargjörð, með því að breyta dómsdagssöngnum í fagnaðar- og upprisusálm úr eigin höfundarverki.

Árni Heimir Ingólfsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

9. NÓVEMBER 2017

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Lin Wei
Zbigniew Dubik
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina
Ágústa María Jónsdóttir
Pascal La Rosa
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Roland Hartwell
Greta Salome Stefánsdóttir
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ísak Ríkharðsson
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Daniel Schmitt
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Alfreðsson
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Júlía Mogensen

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Martin Danek
Daniel Bogorad
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Ármann Helgason

SAXÓFÓN

Guido Werner Baumer

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Felix Schwamm

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Baldvín Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Benjamin Ordaz

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson
Kjartan Guðnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómstjórnari*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*

FIM 16 NOV 19:30



MYNDIR Á SÝNINGU

Á þessum tónleikum hljóma tvö frægustu hljómveitarverk allra tíma, *Myndir á sýningu* eftir Músorgskj og *Síðdegi skógarpúkans* eftir Debussy, í bland við fiðlukonsert eftir eitt merkasta tónskáld samtímans, Sofiu Gubaidulinu. *Offertorium (Förn)* eitt hennar helsta verk, magnþrunginn fiðlukonsert þar sem hún leggur út af svonefndu konungsstefi úr *Tónaförn* J.S. Bachs. Rússneski fiðlusnillingurinn Sergei Krylov fer með einleikshlutverkið í konsertinum. Hann vann fyrstu verðlaun í Stradivarius-keppninni í Cremona ungar að árum og leikur nú reglulega með fremstu hljómveitum heims. Hljómveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.

FIM 30 NOV 19:30



VÍKINGUR LEIKUR MOZART

Uppselt er á þessa glæsilegu tónleika með Dima Slobodeniouk og Víkingi Heiðari Ólafssyni en þeir sem vilja hlýða á leik Víkings Heiðars geta lagt leið sína í Norðurljósasal Hörpu fyrsta desember kl. 18:00. Á fullveldisdaginn leikur Víkingur Heiðar einleik og stjórnar frá flyglinum í tveimur verkum eftir Mozart: Fantasíu fyrir píanó og píanókonsert nr. 24. Kynnar á tónleikunum eru Halla Oddný Magnúsdóttir og Guðni Tómasson.

FIM 07 DES 19:30




AÐVENTUTÓNLEIKAR – BACH OG MOZART

Sally Matthews er ein eftirsóttasta sópransöngkona heims. Hún hefur meðal annars sungið á tónlistarhátíðinni í Salzburg, við Covent Garden og Vínaróperuna, og með Berlínarfílharmóníunni undir stjórn Simons Rattle. Á Aðventutónleikunum syngur Sally m.a. aríu greifynjunnar úr *Brúðkaupi Figarós* og hið sívinsæla *Exsultate, jubilate* eftir Mozart. Hljómveitarstjóri er Jonathan Cohen, einn fremsti barokkstjórnandi Bretlands af yngri kynslóðinni. Á tónleikunum má einnig heyra *Parísarsinfóníu* Mozarts auk hljómveitarsvítu Bachs nr. 3 sem hefur að geyma hina ægifyöggu „Aríu á G-streng“.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



JÓL & NÝÁR

MEÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEITINI

7. DESEMBER 19:30

**AÐVENTU
TÓNLEIKAR**

16. DESEMBER 14:00 & 16:00

17. DESEMBER 14:00 & 16:00

LITLI
TÓNSPROTINN
**JÓLA
TÓNLEIKAR**

4. & 5. JANÚAR 19:30

6. JANÚAR 16:00 & 19:30

**VÍNAR
TÓNLEIKAR**

MIÐASALA HAFIN SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA